

Sp.

83. Tillaga til þingsályktunar

[76. mál]

um lækkað verð á raforku til súgurrkunar.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hver ráð séu tiltækilegust til að lækka svo raforkukostnað til súgurrkunar á heyi, að bændum verði almennt fært að taka upp þá verkunaraðferð, og að athugun lokinni séu gerðar ráðstafanir til framkvæmda í þessu efni í samráði vð Búnaðarfélag Íslands.

Greinargerð.

Þau vandræði, sem orsakast hafa af hinu hörmulega tíðarfari, er var svo að mánuðum skipti á síðasta sumri í tveimur landsfjórðungum, knýja mjög á um það að leita allra tiltækilegra ráða til varnar gegn því, að slík vandræði endurtaki sig. Veit og enginn, hvar örðugleikarnir verða mestir næst. Hitt er augljósara þjóðinni nú en oft áður, að allur okkar landbúnaður er í mikilli hættu, hvenær sem langvarandi ótíð gengur yfir á slættinum. Verður líka að gera sér grein fyrir því, að miklu meiri verðmæti eru í veði nú orðið á stuttum tíma en áður var. Kemur þetta af því, að meginhluti heyskaparlandsins er ræktað og vélarfært land, sem heimtar, að losað sé og hirt á ákveðnum tíma. Allt það tjón, sem af því hlýzt, ef möguleika til þess brestur, er alvarlegt mál, ekki einasta fyrir bændur landsins, heldur einnig fyrir þjóðina alla. Eru sannanirnar fyrir því glöggar nú. Þær birtast meðal annars í þeim miklu framlögum, sem gert er ráð fyrir að ríkið verði nú að inna af hendi vegna þeirra, er verst hafa orðið úti. Er það og endurtekning á því, er gerðist fyrir skömmu um Austurland og Norðausturland. Öll þau ráð, sem hugsanleg eru til varnar, ber því að athuga og hika eigi við framkvæmdir.

Nú er það svo, að eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur á nokkrum stöðum á landinu, fylgir súgurrkunaraðferðinni næstum ótrúlega mikið öryggi. En henni fylgir sá mikli ókostur, að hún er ákaflega dýr í framkvæmd. Veldur því einkum það, hve raforkukostnaðurinn er ákaflega mikill. Gildir það bæði um þá aðila, sem eiga kost á rafmagni frá héraðsrafveitum eða öðrum vatnsvirkjunum, og hina, er verða að taka þann kostinn að kaupa olíumótora til orkuframleiðslunnar. Reynsla þeirra bænda, er komið hafa upp hjá sér súgurrkunartækjum og hafa framkvæmdir á þessu sviði í stórum stíl, er slík, að auðsætt er, að bændum yfirleitt er ekki fært að standast kostnaðinn. Kemur þá mjög til álita, hvort eigi er hagkvæmara allra hluta vegna, að hið opinbera veiti í þessu efni óbeina eða beina aðstoð, heldur en að eiga á hættu að leggja fram margfalt stærri upphæðir til að hjarga frá vandræðum, þegar illa er komið. Gildir um það sú alkunna regla, að betri er fyrirhyggja og varnarráð en að stríða við ósköpin, þegar allt er komið í óefni.

Þess vegna er þessi tillaga flutt, og vænta flutningsmenn þess, að Alþingi hafi nú svo glöggan skilning á þessu vandamáli, að talið verði ómaksins vert að hefjast handa, svo að verulega muni umi.